

213 23. des. Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1948.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 109 26. október 1936.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

214
29. des.

AUGLÝSING

um frestun á innköllun skiptimyntar og krónuseðla.

Sökum ófyrirsjáanlegs dráttar á afgreiðslu skiptimyntar frá Englandi tilkynnist hér með, að innköllun á sleginni mynt og krónuseðlum er frestað um óákveðinn tíma.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1947.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kjartan Ragnars.

215
27. des.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Í bæjarstjórn sitja níu kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarstjóri, sem aukamaður, sé hann ekki kjörinn í bæjarstjórn. Varabæjarfulltrúar taka sæti í bæjarstjórninni og nefndum hennar samkvæmt gildandi reglum.

2. gr.

Einstökum málefnum kaupstaðarins stjórnar bæjarráð og fastar nefndir, er bæjarstjórnin kýs, með þeim takmörkunum, er síðar greinir.

Þessar nefndir eru:

1. Byggingarnefnd.
2. Hafnarnefnd.
3. Fræðsluráð.
4. Framfærslunefnd.
5. Rafveitustjórn.
6. Kjörskrárnefnd.
7. Niðurjöfnunarnefnd.
8. Heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd.
9. Sundhallarstjórn.
10. Menningarráð.

Auk þess kýs bæjarstjórnin árlega tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara, einn mann til að semja verðlagsskrá, þrjá bæjarfulltrúa til að sækja sýslufund Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að annast með sýslunefndinni Styrktar-sjóð ekkna og barna Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukkna. 215
27. des.

Í hvert sinn er kjósa á bæjarfulltrúa eða aðra starfsmenn bæjarins, kýs bæjarstjórn þrjá menn í kjörstjórn og tvo til vara, og ef kosið er í fleiri en einni kjördeild þrjá menn í undirkjörstjórn fyrir hverja deild. Í hvert sinn er kjósa skal til Alþingis, kýs bæjarstjórn undirkjörstjórn eina eða fleiri og er hver skipuð þremur mönnum. Jafnframt kýs hún tvo menn í yfirkjörstjórn og tvo til vara á sama hátt.

Forseti, tveir varaforsetar, tveir skrifarar, bæjarráð og fastar nefndir, þær, er eigi eru kosnar eftir sérstökum lögum, skal kjósa til eins árs í senn, í fyrsta sinn á kjörtímabilinu, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar og síðan á fyrsta fundi hvers árs.

Bæjarstjórnin getur, með þeirri undantekningu, sem leiðir af fræðslulögum og lögum um útsvör, tekið mál til meðferðar og úrskurðar þótt falið sé fastri nefnd, og er það þá fallið undan þeirri nefnd. Hún getur og skapað sérstakar nefndir í einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einhverjum fulltrúanna eða bæjarstjóra framkvæmd þeirra.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði og öllum föstum nefndum bæjarstjórnarinnar og er formaður þeirra, nema lög ákveði annað. Er hann aukamaður í bæjarráði og í nefndum, þegar hann er ekki bæjarfulltrúi, en sé hann bæjarfulltrúi, er hann eftir sem áður atkvæðislaus aukamaður í þeim nefndum, sem hann er ekki kosinn í sérstaklega. Bæjarráð og allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu halda gerðabók og skrá þar í fundargerðir.

3. gr.

Bæjarráð skal skipað þremur bæjarfulltrúum, sem kosnir eru eins og að framan greinir. Einnig skulu kosnir jafnmargir varamenn á sama hátt. Bæjarráð hefur fasta fundi vikulega og aukafundi eftir þörfum, og eru fundir lögmatir ef meiri hluti bæjarráðsmanna mætir. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn mæta. Bæjarráð hefur eftirtalin mál bæjarins með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði:

A. Fjárhagsmál.

Til þess telst umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúningur fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum, holræsum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar, og reglugerðum þar að lútandi. Til þessa liðs teljast einnig mulningsvél bæjarins og umsjón með henni.

B. Fasteignamál.

Til þess telst umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem: Lóðum, húsum, jörðum, mótaki, grjótnámi, sandnámi, slægjum, hagabeit, fjallskilum og fleiru, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.

C. Bókasafnsmál.

Til þess telst umönnun og stjórn á bókasafni bæjarins, samkvæmt reglugerð þess og samþykktum bæjarstjórnar.

215 D. Sjúkrahúsmál.

27. des.

Til þess telst stjórn og rekstur á sjúkrahúsi bæjarins, í samráði við ráðsmann sjúkrahússins og sjúkrahúslækni, allt eftir nánari ákvörðunum reglugerðar sjúkrahússins. Þegar bæjarráð hefur sjúkrahúsmál til meðferðar, skal það jafnan kveðja á fund með sér sjúkrahúslækni og ráðsmann, en eigi hafa þeir þar atkvæðisrétt.

E. Brunamál.

Til þess telst framkvæmd á öllum brunamálum bæjarins, samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið bæjarins.

F. Búnaðarmál.

Til þess telst stjórn á búrekstri bæjarins í samráði við bústjóra, svo og önnur starfsemi, sem rekin kann að verða í sambandi við búreksturinn.

Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyrir samkvæmt framangreindu, og gera tillögur um málin til bæjarstjórnar, sem leggur á þau fullnaðarúrskurð.

Starfsmenn og framkvæmdastjórar hinna einstöku fyrirtækja, sem undir bæjarráð heyra, skulu ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu bæjarráðs, nema lög og reglugerðir mæli öðruvísi fyrir.

Bæjarstjórn getur vísað til bæjarráðs þeim málum, sem henni sýnist, enda þótt þau heyri ekki undir bæjarráð samkvæmt samþykkt þessari.

4. gr.

Í byggingarnefnd eru fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír eru kjörnir úr flokki bæjarstjórnar, en tveir utan hennar. Nefndin annast byggingarmálefni bæjarins, með aðstoð byggingarfulltrúa, ef ráðinn er, samkvæmt því er segir í lögum og samþykktum um byggingarmálefni bæjarins.

5. gr.

Í hafnarnefnd er forseti bæjarstjórnar sjálfkjörinn formaður. Í nefndina eru kosnir tveir menn úr bæjarstjórn og tveir utan hennar og jafnmargir til vara, valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnarlögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs, og hefur umsjón með störfum hafnargjaldkera. Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

6. gr.

Í fræðsluráð eru kosnir til fjögurra ára fimm menn af bæjarstjórn og jafnmargir til vara. Fræðsluráð hefur umsjón með fræðslu barna og unglinga samkvæmt fræðslulögum og reglugerðum um skólamál.

7. gr.

Í framfærslunefnd eru kosnir þrír menn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur á hendi stjórn allra framfærslumála bæjarins samkvæmt framfærslulögum. Nefndin stjórnar og elliheimili bæjarins, svo og barnahæli, ef það verður sett á stofn.

Bæjarstjóri er fátækrafulltrúi, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.

8. gr.

Í rafveitustjórn sitja sjö menn, kosnir samkvæmt reglugerð rafveitunnar. Stjórnar hún rafveitumálum samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá rafveitunnar.

9. gr.

215

Í kjörskrárnefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin sér um að samin sé kjörskrá í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar. 27. des.

10. gr.

Bæjarstjórn kýs niðurjöfnunarnefnd ár hvert, aðalmenn og varamenn, lögum samkvæmt og er bæjarstjóri formaður hennar.

11. gr.

Í heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd eru bæjarfógeti og héraðslæknir sjálfkjörnir og einn bæjarfulltrúi kosinn til eins árs í senn. Starf nefndarinnar er eftirlit með framkvæmd á ákvæðum heilbrigðissamþykktar kaupstaðarins, svo og sóttvarnarlaga, með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, ef ráðinn er.

12. gr.

Í sundhallarstjórn sitja fimm menn kosnir samkvæmt reglugerð fyrir Sundhöll Ísafjarðar.

13. gr.

Menningarráð skal skipað fimm mönnum, kosnum af bæjarstjórn, og jafnmörgum til vara.

14. gr.

Bæjarstjórn ræður alla starfsmenn bæjarins, nema hún feli einstökum nefndum með samþykkt eða reglugerðum að ráða sér starfsmenn, eða heimili í erindisbréfum einstökum starfsmönnum að ráða sér aðstoðarmenn.

Öllum starfsmönnum ber að haga sér eftir reglum þeim, sem settar eru í samþykktum bæjarins eða erindisbréfum þeirra.

15. gr.

Eftir að reikningar bæjarins og stofnana hans hafa verið endurskoðaðir og samþykktir af bæjarstjórn, skulu þeir lagðir fram almenningi til sýnis eigi skemmri tíma en 15 daga. Reikningum bæjarins skal vera fulllokið eigi síðar en í lok aprílmánaðar, og skulu þeir þá þegar sendast endurskoðendum, sem verða að hafa lokið starfa sínum innan þriggja mánaða.

Athugasemdum endurskoðenda skal gjaldkeri hafa svarað innan hálf mánaðar.

16. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málum þeim og ráðstöfunum, sem eigi eru öðrum falin og allar bréfaskriftir bæjarstjórnarinnar.

17. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest til þess að öðlast gildi 1. janúar 1948.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar, frá 26. janúar 1938.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.